

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 169/2002

frá 6. desember 2002

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 142/2002 frá 8. nóvember 2002 ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 484/2002 frá 1. mars 2002 um breytingu á reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 881/92 og (EBE) nr. 3118/93 í því skyni að koma á vottorði um starfsleyfi ökumanna ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 26a (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 881/92) og lið 26c (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3118/93) í XIII. viðauka við samninginn:

„- **32002 R 0484:** Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 484/2002 frá 1. mars 2002 (Stjtið. EB L 76, 19.3.2002, bls. 1).“

2. gr.

Texti reglugerðar (EB) nr. 484/2002 á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 19, 23.1.2003, bls. 9 og EES-viðbæti við Stjtið. EB nr. 4, 23.1.2003, bls. 8.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 76, 19.3.2002, bls. 1.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 7. desember 2002, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 6. desember 2002.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

Kjartan Jóhannsson

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P.K. Mannes M. Brinkmann

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.